

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax ehf. Patreksfjörður og Tálknafjörður



Dags eftirlits	25.8.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Arnarlax ehf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Strandgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Nikolas Tzamouranis	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú ný frávik komu fram við eftirlitið og sjö ábendingar eru gerðar.

Enn er opið frávik frá fyrri árum v. umgengni við Sandodda. Starfað hefur verið eftir úrbótaáætlun vegna þess, sjá umfjöllun hér að neðan.

Eftirlitið fór fram með yfirferð gagna á starfsstöð Arnarlax í Bíldudal, siglingu út að kvíum í Laugardal, Tálknafirði og kvíum við Eyri í Patreksfirði. Eftirlitsaðili heimsótti einnig athafnasvæði við flugbrautina við Sandodda Patreksfirði, bæði 17. ágúst og 25. ágúst sem og 20. september. Þann 17. ágúst var rætt við verkstjóra á staðnum á vegum verktaka sem vinnur að samsetningu kvía fyrir Arnarlax og Arctic Sea Farm.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávik og úrbætur
 - o Breyting á starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Umfang 2020, lífmassi og afföll
- Útsetningar, slátrun og hvíld
- Staðsetning eldissvæða
- Skráningar og skil gagna
- Vöktunaráætlun og -skýrslur
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Sandoddi og hreinsunaráætlun vegna úrgangs í fjörum
- Skoðunarferð að kvíum

Farið var yfir stöðu frá seinasta eftirliti stofnunarinnar, haustið 2020.

1. Frávik skráð 2019 vegna umgengni við Sandodda er enn opið, þar sem ekki hefur tekist að hindra útbreiðslu plasts og rusls þegar samsetning hefst aftur að vori þó að einhver hreinsun hafi farið fram bæði eftir sumarið 2019 og 2020. Samningur var gerður við Vesturbyggð um að unglíngavinna staðarins tæki að sér einhverja hreinsun, starfsmenn verktaka sinna einhverri hreinsun vikulega, en miðað við ástand svæðisins þegar það var heimsótt í ágúst og september sl. hefur ekki tekist nægilega til með fyrirbyggjandi aðgerðir og að viðhalda hreinsun yfir sumarið. Talsvert magn af plastsvarfi var á flugbrautinni, sem verktaki getur sópað upp, en einnig þarf að leggja vinnu í að hreinsa sandinn við brautina þar sem bæði er að finna plast sem hægt er að rekja til fyrri verktaka og talsvert frá þeim er þar starfar nú við samsetningu. Því er ljóst að bæði hreinsunaraðgerðir seinustu ára og fyrirbyggjandi aðgerðir er gripið var til eru ekki nægjanlegar. Stofnunin leggur mikla áherslu á að skuli samsetning kvía fara fram á svæðinu til frambúðar þurfi að huga mikið betur að fyrirbyggjandi aðgerðum til að hindra losun plastsins út í sandinn.

2. Frávik var skráð árið 2018 vegna notkunar koparnóta. Slátrun kynslóðarinnar var lokið við seinasta eftirlit, næturnar höfðu verið fjarlægðar og rekstraraðili kvaðst ekki myndi setja út koparnætur fyrr en til þess fengist heimild í starfsleyfi. Því var frávikinu lokað í eftirlitsskýrslu. Tekin var ákvörðun um að gefa út breytt starfsleyfi sem heimilar notkun kopars þann 2. júní sl. og tók leyfið gildi þann 4. júní sl. Rekstraraðili hafði sett aftur út koparnætur á Eyri og sett fyrstu seiðin út, þann 31. maí sl. Stofnunin bendir á að þó einungis sé um örfáa daga að ræða skulu rekstraraðilar ávallt starfa í samræmi við gildandi leyfi og ekki er heimilt að hefja starfsemi í samræmi við leyfi sem er væntanlegt áður en það tekur gildi, óháð því hversu stutt er í útgáfu leyfis. Því er skráð annað frávik v. noktnar koparnóta við Eyri, en því er lokað, þar sem breytt leyfi hefur tekið gildi og úrbótum m.t.t. koparnotkunar því lokið. Vegna atviksins

er einnig skráð frávik frá 2. mgr. 40 gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er snýr að því að rekstraraðili skal tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við ákvæði starfsleyfisskilyrða og upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það ef frávik verður. Stofnuninni var ekki tilkynnt um að koparnætur hefðu verið settar í sjó áður en breytt starfsleyfi tók gildi og að rekstraraðili væri því í frávikum frá starfsleyfi. Einnig bendir stofnunin á það að rekstraraðili skal tilkynna stofnuninni með formlegum hætti, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara, um áætlaðar útsetningar.

Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar 2020 m.t.t. tíðni eftirlita og kynntar breytingar á flokkum áhættumatsins. Farið var yfir umhverfisstjórnunarkerfi og áhrif þess að starfa eftir (vottuðu) umhverfisstjórnunarkerfi á stigafjölda rekstraraðila í áhættumati.

Umfang ársins 2020 var innan marka starfsleyfis. Heimilt er að slátra allt að 5350 tonnum úr hvoru eldissvæði fyrir sig, en miðað er við meðaltal þeirra ára sem kynslóðin var í eldi. Skv. gögnum rekstraraðila hefur lífmassi verið vel innan við leyfileg mörk leyfis á árinu 2020 og það sem af er ári 2021. Árið 2020 var engu slátrað upp úr Laugardal, en tæpum 5000 tonnum úr Eyri. Engu hefur verið slátrað upp úr Eyri á árinu 2021 þar sem svæðið fór í hvíld í september 2020. Slátrun úr Laugardal hófst í janúar sl. og þegar vettvangsheimsóknin fór fram hafði tæpum 4000 tonnum verið slátrað það sem af var ári. Við vettvangsheimsóknina voru tæp 1000 tonn í sjó við Eyri og um 4500 tonn við Laugardal.

Líkt og áður segir lauk slátrun í Eyri haustið 2020 og svæðið var því hvílt í u.þ.b. átta mánuði fyrir útsetningu seiða í maí sl. Úr Laugardal var slátrað upp í janúar en hlé tekið fram í apríl. Áætlað var við vettvangsheimsóknina að slátrun ljúki eigi síðar en 31. október.

Kallað var eftir gögnum til staðfestingar á að eldið og búnaður rúmist innan þeirra hnita sem koma fram í viðauka með starfsleyfi. Skv. þeim upplýsingum sem stofnunin hefur undir höndum rúmast eldi og festingar sjókvía innan leyfilegra svæða.

Ársyfirliti, grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað fyrir 1. maí sl. En stofnunin hefur óskað eftir því að rekstraraðilar aðskilji eftir mesta megni upplýsingar mismunandi starfsleyfa sinna í skilum gagna, svo hægt sé hafa eftirlit með starfsemi út frá kröfum hvers starfsleyfis. Við skil gagna á árinu 2020 vegna 2019 var rekstraraðila bent á að aðskilja þyrfti upplýsingar vegna mismunandi starfsleyfa og gefið tækifæri á að skila þeim aftur án frávikaskráningar. Skráningar v. 2020 voru ekki aðskildar í skilum skýrslna. Þar sem um er að ræða ítrekað atvik er skráð frávik vegna þessa nú. Aðskildum gögnum hefur ekki enn verið skilað.

Skýrslur vegna vöktunar við hámark lífmassa á Eyri í mars 2020 sýna nokkuð lífrænt álag og röskun á botndýralífi næst kvíum miðað við grunnsýnatöku 2018. Ekki er um að ræða merkjanlega hækkun á styrk kopars í botnseti frá grunnsýnatöku, nema á þeirri stöð sem næst er eldiskvíunum, eða 25 m, þar sem styrkur kopars mældist tæp 34 mg/kg þurrefnis 2018, en tæp 44 mg/kg þurrefnis 2020. Stofnunin bendir á að skv. breyttu starfsleyfi skal stofnunin fylgjast með uppsöfnun kopars og taka skal mið af umhverfismörkum II vegna kopars í sjávarseti í reglugerð nr. 796/1999 við endurskoðun heimildar til losunar kopars, en þau eru 40-70 mg/kg þurrefnis. Einnig mældust talsvert há gildi emectinbensóats (virka efnið í Slice lúsafóðri) í botnseti, eða 2200 ng/kg, en skv. upplýsingum stofnunarinnar var Slice fyrst notað við fiskilús í firðinum á árinu 2019. Notast var við lyfið við Laugardal á árinu 2020, en lyfið hefur ekki verið notað síðan haustið 2019 á Eyri og því um að ræða styrk í botnseti eftir eina meðhöndlun. Niðurstöður nærvöktunar eftir hvíld svæðisins sl. vor barst stofnuninni 5. október sl. en niðurstöður sniðvöktunar hafa ekki enn borist. Því er ekki ljóst hversu mikið styrkur virka efnisins lækkaði á meðan hvíld stóð. Ljóst er að varlega þarf að fara í notkun lyfja og áhrifa gæti gætt á botndýrasamfélög lengi eftir notkun.

Stofnunin hefur fengið senda vöktunarskýrslu v. nærvöktunar við hámark lífmassa í Laugardal sem framkvæmd var í mars sl. Niðurstöður sniðvöktunar frá sama tíma hafa ekki borist. Því er ekki ljóst hve hár styrkur emectinbensóats var við sýnatökuna. Stofnunin óskar eftir því að vöktunarskýrslan berist sem fyrst, eða um leið og hún liggur fyrir hjá vöktunaraðila.

Skv. upplýsingum sem fengust í vettvangsheimsókn voru afföll ársins 2020 rúm 900 tonn á eldissvæðum starfsleyfis. Stofnunin bendir á að misræmis gætir milli upplýsinga er eftirlitsaðili hefur undir höndum m.t.t. affalla allra starfsleyfa rekstraraðila og magns meltu og dauðfisks í loðdýrafóður sem kemur fram í grænu bókhaldi rekstraraðila. Rekstraraðila er því bent á að skoða það og uppfæra gögnin eftir því sem við á með uppfærðum skilum, þar sem gögn hafa verið aðskilin eftir starfsleyfum.

Allur dauðfiskur er hakkaður og fer í meltutanka um borð í fóðurprömmum, þar sem er notast við maurusýru til að útbúa meltu. Meltan er svo sótt með skipi og farið með hana til Noregs þar sem hún fer í fóðurframleiðslu. Þegar skoðunarferðin fór fram stóð 1000L sýrutankur (bambi) á fóðurprammanum við Laugardal óvarinn og laus á dekki prammans á meðan starfsmenn sinntu öðrum störfum. Skv. starfsmanni stóð til að dæla sýrunni á sýrutank prammans. Stofnunin bendir á að þetta er ekki fullnægjandi geymsla sýrutanksins og ítrekar að ítrasta varúð og aðgæsla skuli höfð við meðhöndlun og geymslu efna.

Fjallað hefur verið um Sandodda hér að ofan, en kvartanir hafa einnig borist Umhverfisstofnun á árinu vegna ýmisa hluta sem fundist hafa í fjörum á Vestfjörðum, m.a. í Patreksfirði, en þeir hafa verið raktir til fiskeldis. Stofnunin óskaði því eftir hreinsun af hálfu Arnarlax og Arctic Sea Farm í Patreksfirði og að sett væri fram langtíma hreinsunaráætlun fyrirtækjanna og fyrirbyggjandi aðgerðir til að hindra það slíkir hlutir fari í sjóinn. Hvorki hefur borist staðfesting á hreinsun í Patreksfirði af hálfu Arnarlax né áætlun.

Talsvert var af fugli ofan við kvíar, dauðum í netum eða innan neta við bæði Laugardal og Eyri þegar skoðunarferðirnar fóru fram. Áberandi fjöldi var við ákveðnar kvíar umfram aðrar, og er rekstraraðila bent á að skoða hvort þurfi að aðlaga rör sem dreifa fóðri og/eða strekkingu neta m.t.t. þess að hindra aðgang fugls að fóðri. Gamall ryðgaður olíugeymir var við starfstöð í landi á Patreksfirði og er rekstraraðila bent á að huga að því að fjarlægja hann.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

gr. 3.4 í þágildandi starfsleyfi

Þegar koparlitaðar nætur voru settar í sjó hafði heimild til notkunar þeirra ekki tekið gildi. Ákvörðun um að heimila notkun rekstraraðila á koparnótum í Patreksfirði og Tálknafirði var tekin 2. júní sl. og tók gildi þann 4. júní sl. Frávikinu er því lokað.

2. mgr. 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Rekstraraðilar skulu tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við starfsleyfisskilyrði og skal upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það ef frávik verða. Rekstraraðili tilkynnti eftirlitsaðila ekki um það að koparnætur hefðu verið settar út án þess að heimild væri til þess í starfsleyfi.

gr. 4.2 og 4.3 í starfsleyfi

Taka skal saman árlega niðurstöður mælinga og skráninga og skila umhverfisupplýsingum (grænt bókhald og útstreymisbókhald) vegna starfseminnar. Aðskilja þarf gögn og skráningar eftir mismunandi starfsleyfum rekstraraðila eftir mesta megni svo hægt sé að sinna eftirliti með starfseminni. Þrátt fyrir að rekstraraðila hefði verið bent á þetta við skil á árinu 2020 voru skráningar ekki aðskildar við skil ársins 2021.

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun bendir á að ekki hefur tekist nógu vel til með fyrirbyggjandi aðgerðir vegna plastsvarfs við samsetningu kvía við Sandodda, né hefur hreinsun verið fullnægjandi.

Rekstraraðila er bent á að senda tilkynningu um áætlaða útsetningu seiða á eldissvæði til eftirlitsaðila stofnunarinnar með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Stofnunin óskar eftir því að í ársyfirliti vegna ársins 2021, sem skila á fyrir 1. maí nk., verði losun fosfórs reiknuð bæði m.t.t. losunar í kg/frameitt tonn og /lífmassaaukningu á árinu, sem og að framvegis verði í ársyfirliti settir fram fódurstuðlar og losun fosfórs fyrir heildareldistíma hvernar þeirrar kynslóðar sem eldi lýkur á viðkomandi ári.

Stofnunin hefur óskað eftir hreinsunaráætlun og áætlun v. fyrirbyggjandi aðgerða vegna rusls í fjörum.

Rekstraraðila er bent á að skoða misræmi í skráningum og gagnaskilum v. magns dauðfisks.

Stofnunin óskar eftir því að rekstraraðili hugi að aðlögun röra sem blása fóðri og strekkingu neta til að fuglar hafi minni aðgang að fóðri og ásókn þeirra í kvíar minnki.

Rekstraraðila er bent á að huga að því að fjarlægja gamlan ryðgaðan geymi á svæði rekstraraðila á höfninni á Patreksfirði.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.10.2021



Hulda Soffía Jónasdóttir

